

Leiðbeiningar um uppgjör vegna söfnunar og ráðstöfunar kælitækja* í skilagreinum

Tilgangur:

Að halda utan um birgðir og inneign flutningsjöfnunar allra tegunda kælitækja sameiginlega.

Kælitækjum er oftast safnað sem heild og síðar eru þau flokkuð, meðhöndluð og send í ráðstöfun eftir mismunandi eiginleikum til ráðstöfunaraðila. Til þess að einfalda málið er söfnun kælitækja á sérstöku vörunúmeri, 1) Kælitæki – SÖFNUN, RAF1BL. Söfnun kælitækja verður þá sameiginleg á sérstöku vörunúmeri og ráðstöfun úr viðeigandi vörunúmeri/flokki. Ef söfnun er alveg hrein má skrá söfnun og ráðstöfun í viðkomandi flokki beint á vörunúmerið í stað þess að gera sérstaka söfnunarskilagrein.

Gera skal **söfnunar**skilagrein fyrir kælitæki sem safnað er blönduðum í sérstaka skilagrein og nota vörutegund:

Vörutegund

Vörunúmer

1) Kælitæki - SÖFNUN

RAF1BL

Ath. Ráðstöfun með framsali er leyfileg í söfnunarskilagrein þar sem tegund kælitækjanna þarf ekki að vera tilgreind við móttöku hjá næsta þjónustuaðila sem skráir magnið inn í söfnunarskilagrein.

Ef söfnun er óblönduð, t.d. freonfylltir kæliskápar sem safnað er hjá fyrirtækjum þá má skrá söfnunina í skilagrein í flokki 1) Kælitæki með spilliefnum, RAF1ME ásamt ráðstöfun.

Birgðastaðan er heildarbirgðastaða fyrir alla flokka kælitækja og skal nota niðurstöðutölur úr síðustu skilagrein í hvaða vörunúmeri sem hún var (MUNA að nota birgðastöðu af pdf skilagrein frá ÚRVIS).

Við **ráðstöfun** skal nota skilagrein fyrir hvern flokk sérstaklega og nota þá viðeigandi vörunúmer.

Dæmi um söfnun og ráðstöfun ýmissa vöruflokka og áhrif á birgðastöðu:

	Vörunúmer	Upphafsbirgðir	Söfnun	Ráðstöfun	Lokabirgðir
Söfnun kælitækja frá sveitarfélagi	RAF1BL	0	10.000		10.000
Söfnun ísskápa m/freon frá hóteli og ráðstöfun	RAF1ME	10.000	500	3.500	7.000
Söfnun kælitækja frá sveitarfélagi	RAF1BL	7.000	5.000		12.000
Söfnun og ráðstöfun með framsali	RAF2BL	12.000	2.000	4.000	10.000
Ráðstöfun kælitækja án spilliefna	RAF1AN	10.000		8.000	2.000
Söfnun og ráðstöfun olíufylltra rafmagnsöfna	RAF1ME	2.000	150	150	2.000

Flokkar raftækja/kælitækja sem þetta verklag nær yfir:

- 1) Kælitæki - SÖFNUN RAF1BL
- 1) Kælitæki án spilliefna RAF1AN
- 1) Kælitæki með spilliefnum RAF1ME

* Í flokki kælitækja eru varmaskiptitæki svo sem varmadælur/loftkælingar, kæliskápar, sjálfsalar með kæli, frystitæki og olíufylltir ofnar.